



Forsætisnefnd

Reykjavík, 10. desember 2024

MSS23010279

Ný samþykkt menningar- og íþróttaráðs Reykjavíkurborgar

Menningar- og íþróttasvið hefur hefur unnið að endurskoðun samþykktar fyrir menningar- og íþróttaráð Reykjavíkurborgar. Tillaga að nýrri samþykkt var lögð fram til kynningar á fundi menningar- og íþróttaráðs 13. september sl. og barst forsætisnefnd til meðferðar 24. október sl.

Tillaga að nýrri samþykkt hefur verið verið yfirfarin á skrifstofu borgarstjórnar og er nú lögð fram á fundi forsætisnefndar til þóknarlegrar meðferðar.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt: Tillaga að samþykkt menningar- og íþróttaráðs



Reykjavík

Samþykkt fyrir menningar- og íþróttaráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Menningar- og íþróttaráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2. gr.

Menningar- og íþróttaráð skal móta stefnu í menningar- og íþróttamálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri menningar- og íþróttasviðs og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar á verksviði ráðsins sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Menningar- og íþróttasvið annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar. Menningar- og íþróttasvið skiptist í fjórar meginstoðir, menningarborgina, íþróttaborgina, útilífsborgina og skrifstofu sviðsins. Stofnanir sviðsins heyra undir viðkomandi stoðir eftir því sem við á.

Verkefni

3. gr.

Menningar- og íþróttaráð fer m.a. með eftirtalin verkefni á sviði menningar- íþrótt- og útilífsmála:

1. Gerir tillögur til borgarráðs um menningarstefnu, íþróttastefnu og útilífsstefnu Reykjavíkurborgar.
2. Vinnur að eflingu menningar-, íþrótt- og útilífstarfs í Reykjavík í samræmi við stefnumörkun borgarinnar og í samstarfi við Bandalag Íslenskra listamanna og Íþróttabandalag Reykjavíkur. Þetta er gert með því að virkja stofnanir borgarinnar, örva almenning til þátttöku og gefa honum tækifæri til að njóta menningar-, íþrótt- og útivistar.
3. Hefur eftirlit með starfsemi og rekstri mannvirkja á sviði menningar-, íþrótt- og útilífsmála sem eru í eigu Reykjavíkurborgar eða sem Reykjavíkurborg hefur veitt styrki til.
4. Hefur eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða á sviði menningar-, íþrótt- og útilífsmála, að því marki sem löggin leggja skyldur á herðar sveitarfélaga.
5. Gerir tillögur til borgarráðs að gerð nýrra mannvirkja til menningar-, íþrótt- og útilífsstarfs, ásamt tillögum um rekstur þeirra eftir því sem við á.
6. Vinnur að nýsköpunar- og þróunarstarfi á sviði menningar-, íþrótt- og útilífsmála og sér til þess að upplýsingar um menningar-, íþrótt- og útilífsmál og þá þjónustu sem í boði er séu aðgengilegar.
7. Fer með málefni Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, Nauthólsvíkur, Ylstrandar, Sigluness, Hins hússins, skíðasvæða, sundstaða og íþróttamiðstöðva. Gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun viðkomandi stofnana.
8. Vinnur að málefnum ungs fólks í Reykjavík, s.s. atvinnumálum, menningarmálum og frístund ungmenna með fötlun.
9. Hefur eftirlit með framkvæmd starfssamninga Reykjavíkurborgar við lykilaðila í menningar-, íþrótt- og útivistarlífi borgarinnar, s.s. Leikfélag Reykjavíkur, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Listahátíð í Reykjavík og Íþróttabandalag Reykjavíkur.
10. Veitir umsagnir um menningar-, íþrótt- og útilífstengd erindi að beiðni borgarráðs og í samræmi við verklagsreglur Reykjavíkurborgar um gerð og meðferð umsagna, álit og önnur gögn til þingnefnda og samráðsgáttar stjórnvalda.

11. Veitir styrki til menningar-, íþróttar- og útilífsstarfs í borginni.
12. Skipar í dómnefndir Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar, Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur og Barnabókaverðlauna Reykjavíkur. Útnefnir Borgarlistamann Reykjavíkur og Lifthóp Reykjavíkur. Skipar stjórn Kjarvalsstofu í París.
13. Fer með málefni menningarminja og minjavörslu og hefur frumkvæði að og tekur þátt í að móta stefnu um húsvörnd og fornleifavernd.
14. Fylgist með söfnun örnefna, útgáfu örnefnaskrár og merkingu fornleifa og náttúruminja, sem Borgarsögusafn Reykjavíkur annast.
15. Gerir tillögu til borgarráðs um staðsetningu hvers konar myndverka á almannafæri að fenginni umsögn Listasafns Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagsráðs.

Menningar- og íþróttaráð fer jafnframt með hlutverk stjórnar Borgarbókasafns Reykjavíkur skv. bókasafnalögum nr. 150/2012, Borgarsögusafns Reykjavíkur og Listasafns Reykjavíkur skv. safnalögum nr. 141/2011, myndlistarlögum nr. 64/2012, lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi heyri undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Menningar- og íþróttaráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Menningar- og íþróttaráð er skipað 7 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Menningar- og íþróttaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Menningar- og íþróttaráð getur heimilað setu áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt samkvæmt nánari ákvörðun ráðsins og samþykki borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður menningar- og íþróttaráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Menningar- og íþróttaráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 eftir því sem við á.

Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar um fundargerðir nefnda og ráða Reykjavíkurborgar.

Menningar- og íþróttasvið sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Menningar- og íþróttaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Menningar- og íþróttaráð hefur nána samvinnu við félög og aðra sem hafa menningu-, íþrótt- og útivistarmál á sinni stefnuskrá, mótar stefnu um samstarf við þau og gefur þeim kost á, eftir því sem þurfa þykir að tilnefna fulltrúa til samstarfs.

Menningar- og íþróttaráði ber að halda a.m.k. einn opin fund á ári og skal dagskrá hans og fyrirkomulag kynnt með góðum fyrirvara, m.a. fyrir borgarfulltrúum, helstu samstarfsaðilum, félögum og samtökum sem starfa að menningar-, íþrótt- og útivistarmálum í borginni.

Fjármál

10. gr.

Menningar- og íþróttaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsroðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og sviðsstjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Ráðningar

11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn. Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs ræður í aðrar stjórnunarstöður á sviðinu. Forstöðumenn eða aðrir stjórnendur ráða aðra starfsmenn á starfsstaði menningar- og íþróttasviðs.

Málsmeðferð

12. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu menningar- og íþróttaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal menningar- og íþróttaráð taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir menningar-, íþróttá- og tómstundaráð frá frá 6. nóvember 2018.

Samþykkt í borgarstjórn

XXX